

Skipulagsnefnd
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Selfossi, 4.4.2023

Varðar: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu


Inngangur

Heiðarás ehf, eigandi jarðarinnar Skálabrekka Miðhluti L170163, óskar eftir ákvörðun um matsskyldu vegna efnistöku á efnistökusvæðinu E3 í landi Skálabrekku í Bláskógabyggð. Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi til að nýta efni úr námunni. Megin markmið með efnistöku er að nýta efni í vegagerð frístundabyggðar og vegna annarra framkvæmda á næstu 6 árum, án þess að sækja þurfi efni um langan veg. Lítið er um malarnámur á svæðinu og jarðlögin þannig að óviða er auðvelt að komast í góða möl. Á árunum 2004-06 voru teknir um 4.700 m³ af efni úr námunni af fyrri eigendum jarðarinnar.

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er náman merkt sem E3. Heimiluð efnistaka í aðalskipulagi er allt að 50.000 m³ og stærð námu allt að 2 ha. Gerð var breyting á aðalskipulaginu og staðsetning námunnar leiðrétt. Breytingin var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 20. mars 2023.

Í aðalskipulagi er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Í umsókn um framkvæmdaleyfi er sótt um heimild til að taka alls um 33.000 m³ af efni. Um 16.000 m³ verða notaðir í vegagerð innan jarðarinnar Skálabrekku-Miðhluta tengt samþykktu deiliskipulagi frístundalóða við Selgil. Um 12.000 m³ eru ætlaðir til annarra tilfallandi framkvæmda á næstu 6 árum.



Mynd 1. Efnistökusvæðið í landi Skálabrekku er innan rauða hringsins. Sjá má ummerki um fyrri efnistöku. (Loftmynd c Loftmyndir ehf).

Aðstæður

Náman er í landi Skálabrekku L170163. Náman er skammt vestan Þingvallavegar og er hún lítt sýnileg frá vegi. Aðkoma er um núverandi vegslóða frá Þingvallavegi.

Svæðið er lítt gróið og hentar að því leyti vel til efnistöku. Eins og áður greinir hefur efni verið tekið úr námunni en á árunum 2004-06 voru teknir um 4.700 m³ efnis.

Efnistökusvæðið E3 er innan vatnasviðs Þingvallavatns og fellur því undir reglugerð nr. 650/2006. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Tryggja að yfirborðsvatni eða grunnvatni verði ekki spillt eða það mengað, s.s. vegna jarðrasks, vinnslu auðlinda úr jörðu o.fl.

Framkvæmd

Efnistakan fer þannig fram að dísel knúin grafa verður notuð til ámoksturs beint á vörubíla. Efnistaka verður slitrótt og grafan ekki látin standa í námunni milli þess sem efni er tekið. Ekki er gert ráð fyrir mölun eða hörpun jarðefna í námunni, þó slíkt sé ekki útilokað síðar og yrði það þá tímabundin aðgerð. Ekki er gert ráð fyrir að efni verði safnað upp í malarhauga.

Náman er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Því verður ekki olíutankur í námunni né geymd þar önnur mengandi efni. Ekki verður rotþró, rafmagn eða vinnubúðir í námunni. Enginn úrgangur á að myndast í námunni og einu mengandi efnin yrði útblástur ámokstursvélar og flutningstækja.

Um verður að ræða einföldustu gerð af námurekstri og leitast við að ganga snyrtilega um svæðið á vinnslutíma og þeir hlutar námunnar þar sem efnistöku er lokið verða græddir upp jafn óðum.

Helstu umhverfisáhrif

Efnistakan fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Um er að ræða efnistöku innan vatnasviðs Þingvallavatns og er hún þar með á verndarsvæði. Framkvæmdin er undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka laganna en þar sem hún er á verndarsvæði sbr. iii lið 2. tölul. 2. Viðauka. Efnistakan er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu.

Innan vatnasviðs Þingvallavatns er talsverð frístundabyggð og ferðaþjónusta. Þessu fylgir mannvirkja-gerð og viðhald mannvirkja, þ.m.t. vegir og stígar. Því er þörf fyrir gott efni talsverð.

Áhrif á andrúmsloft. Lítið er um mól og námur á svæðinu og því hefur mól verið flutt um langan veg frá Ingólfsfjalli og/eða Helligheiði. Við efnivinnslu og flutning verður losun á mengandi útblæstri frá vinnuvélum. Ætla má að sú losun verði minni ef efni er unnið nálægt notkunarstað og það flutt stutta vegalengd. Áhrif af efnistöku nálægt notkunarstað eru metin jákvæð m.v. áhrifin af því að flytja efni um lengri veg.

Áhrif á gróður. Svæðið þar sem efnistakan fer fram hefur verið raskað með efnistöku. Umhverfis er lítt gróið svæði. Áhrifin eru metin óveruleg.

Áhrif á vatnasvið Þingvallavatns. Eins og kemur fram í lýsingu á framkvæmd efnistöku hér framar þá á ekki að vera hættu á mengun vegna efnisvinnslunnar. Ekki verða geymd olíur eða önnur mengandi efni í námunni og vélar og tæki verða ekki á staðnum nema meðan á vinnslu stendur. Ekki er talið að hættu verði á mengun á vatnasviðinu.

Ásýnd. Efnistökusvæðið verður sýnilegt frá litlum kafla Þingvallavegar, en er engu að síður í nokkurri fjarlægð frá veginum. Mögulegt er með smávægilegri landmótun að draga frekar úr sýnileika.

Niðurstaða. Metið er að efnistakan hafi óveruleg áhrif á vatnasvið Þingvallavatns enda verða ekki geymd í námunni vélar eða tæki, olía eða önnur mengandi efni. Þá hefur það jákvæð áhrif að taka efni sem næst notkunarstað þess fremur en aka þungum bílum langar leiðir með möl.

Dags: 4.4.2023

f.h. Heiðaráss ehf

Kolbeinn Sveinbjörnsson